

Akureyri, 25. september 2007

Ágæti viðtakandi

Meðfylgjandi er samantekt þar sem fjallað er um lagaskyldu launagreiðenda til að halda eftir af launum starfsmanna iðgjöldum þeirra til viðkomandi stéttarfélags og skyldu launagreiðenda til að standa stéttarfélögnum skil á þessum iðgjöldum. Enn fremur er fjallað um lagaskyldu launagreiðenda til greiðslu sjúkrasjóðsiðgjalda og orlofssjóðsiðgjalda vegna starfsmanna sinna og sem launagreiðendum ber skylda til að greiða til stéttarfélaganna á **viðkomandi starfssvæði**. Samantektin var unnin að beiðni stéttarfélaganna af PACTA lögmannspjónustu.

Tilefni þessarar samantektar er sú að á því hefur borið að launagreiðendur og þeir sem reikna út laun starfsmanna eru ekki nægjanlega upplýstir um hvaða lög og reglur gilda um greiðslu þessara gjalda. Langflestum er þó kunnugt um þessar reglur og standa skil á gjöldunum til samræmis við það og eru með sín mál á hreinu hvað það varðar.

Svo sem skýrlega kemur fram í samantektinni kveða lög og réttarheimildir skýrt á um skyldu launagreiðenda til að greiða þessi gjöld til stéttarfélaganna. Geri þeir það ekki hafa stéttarfélögin lögvarða heimild til að innheimta þau hjá launagreiðendum ásamt tilheyrandi kostnaði.

Mikilvægt er að atvinnurekendur og launagreiðendur hafi þetta í huga og jafnframt þeir sem hafa með höndum bókhald og útreikning launa fyrir atvinnurekendur og launagreiðendur.

Yður er hér með send samantektin með von um að hún verði yður til upplýsingar um þau lög og reglur sem gilda um greiðslu gjaldanna. Jafnframt er þeim fjölmörgu launagreiðendum sem standa skil á gjöldunum færðar þakkir fyrir það.

Virðingarfyllst,

f.h. Einingar Iðju

Björn Sigurðsson

f.h. Félags verslunar- og skrifstofufólks  
á Akureyri

Níelsiður Þorvaldsson

f.h. Félags málmiðnaðarmanna á Akureyri

Hakonur Hákunn

f.h. Félags byggingarmanna Eyjafirði

Heiniis Kristinsson

f.h. Sjómannafélags Eyjafjarðar

Konráður Þórðursson

## Samantekt

um lagaskyldu atvinnurekenda til að standa skil á stéttarfélagsgjöldum,  
sjúkrasjóðsgjöldum og orlofssjóðsgjöldum til stéttarfélaga

### Inngangur

Í þessari samantekt er fjallað um lagaskyldu atvinnurekenda til að halda eftir af launum starfsmanna iðgjöldum þeirra til viðkomandi stéttarfélags og skyldu atvinnurekenda til að standa stéttarfélögnum skil á þessum iðgjöldum. Þá verður fjallað um skyldu atvinnurekenda til greiðslu sjúkrasjóðsiðgjalda og orlofssjóðsiðgjalda vegna starfsmanna sinna og sem renna skulu til stéttarfélaganna.

Þær réttarheimildir sem fjalla um skyldu atvinnurekenda, til að standa stéttarfélögnum skil á þessum gjöldum, kveða skýrt á um þessa skyldu. Í þeim kemur skýrt fram að starfsmenn og atvinnurekendur hafa ekki val um hvort þessi gjöld skuli innt af hendi. Þessi lög og réttarheimildir veita stéttarfélögnum heimild til að innheimta þessi gjöld hjá atvinnurekendum og launagreiðendum, standi þeir ekki skil á þeim til viðkomandi stéttarfélags.

### Stéttarfélagsgjöld

Í lögum og samþykktum stéttarfélaga er kveðið á um hvernig stéttarfélagsgjöld skuli reiknuð og hve hátt hlutfall af launum starfsmanna þau skuli vera. Skylda atvinnurekanda til að halda eftir af launum starfsmanna þessum stéttarfélagsgjöldum til viðkomandi stéttarfélags kemur skýrt fram í 2. mgr. 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrirsréttinda nr. 55/1980. Greinin hljóðar svo:

*"Atvinnurekanda er skylt að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina."*

Svo sem þarna kemur fram er vísað til viðkomandi stéttarfélags og þeirra reglna sem kjarasamningar greina. Það eru stéttarfélögin sem eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör starfsmanna á tilteknu svæði, sbr. 5. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, og það eru þau sem gera kjarasamninga við samtök atvinnurekenda. Samkvæmt 7. gr. sömu laga eru samningar einstakra starfsmanna við atvinnurekendur ógildir að svo miklu leyti sem þeir fara í bága við kjarasamninga stéttarfélagsins við atvinnurekandann eða umboðsaðila hans. Af þessu leiðir að starfsmönnum og atvinnurekendum er ekki heimilt að semja sig undan þeim ákvæðum sem kjarasamningar greina. Þetta fær einnig stoð í 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu

lífeyrisréttinda nr. 55/1980, þar sem fram kemur að laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein og samningar einstakra launamanna við atvinnurekendur um lakari kjör en hinir almennum kjarasamningum greina skulu ógildir. Af þessu leiðir að atvinnurekendum og starfsmönnum ber skýr lagaskylda til að fara eftir ákvæðum kjarasamninga milli stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda.

Í kjarasamningum er tekið fram með hvaða hætti innheimtu og greiðslu félagsgjálda skuli háttáð. Þar eru iðulega ákvæði sem taka fram að atvinnurekendur taki að sér að innheimta stéttarfélagsgjöldin í samræmi við reglur stéttarfélaganna og er það í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980. Þannig segir t.d. í kjarasamningi Starfsgreinasambandsins vegna aðildarfélaga sinna, annarra en Eflingar-stéttarfélags, Hlífar og VSKF. við Samtök atvinnulífsins sem gildir frá 1. mars 2004 til 31. desember 2007, í grein 11.1.1., sem fjallar um innheimtu félagsgjaldanna:

„Vinnuveitendur taka að sér innheimtu félagsgjálda aðal- og aukafélaga viðkomandi verkalyðsfélags í samræmi við reglur félagsins, hvort sem um er að ræða hlutfall af launum eða fast gjald. Þessum gjöldum sé skilað mánaðarlega til félagsins og er eindagi 15. næsta mánaðar á eftir. Heimilt er að skila félagsgjöldum samhliða lífeyrissjóðsiðgjöldum. Aðilar samningsins munu beita sér fyrir því að reglum um gjalddaga lífeyrissjóðgalda verði breytt því til samræmis.“

Kjarasamningur gildir ekki aðeins um félagsmenn viðkomandi stéttarfélags heldur gildir hann um alla sem starfa á félagssvæði viðkomandi stéttarfélags og bæði atvinnurekendur og starfsmenn á félagssvæði viðkomandi stéttarfélags eru bundnir af honum. Þetta leiðir einkum af 7. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980, sem áður eru nefnd, og kveða skýrt á að samningar einstakra starfsmanna og atvinnurekenda sem fara í bága við kjarasamning eru ógildir. Í því sambandi ber síðan að hafa í huga að allir starfsmenn sem falla undir kjarasamninginn njóta góðs af honum, jafnt að því er varðar bein launakjör sem og önnur réttindi eins og orlofs- og veikindarétt, sbr. 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980, þar sem fram kemur að kjarasamningur feli í sér lágmarkskjör á því svæði sem samningurinn tekur til. Þá er rétt að hafa í huga í þessu sambandi að Félagsdómur hefur staðfest í úrskurði sínum nr. 4/1998 að lögbundin greiðsla iðgjalds í sjóði stéttarfélaga brýtur ekki í bága við 74. gr. stjórnarskrár Íslands, eða Mannréttindasáttmála Evrópu sbr. lög nr. 62/1992 þrátt fyrir að starfsmaður sé ekki félagsmaður í viðkomandi stéttarfélagi.

Af þessu má ljóst vera að atvinnurekanda ber skýr lagaskylda til að veita starfsmanni að lágmarki þau kjör sem gildandi kjarasamningur greinir og atvinnurekanda ber að halda eftir af launum starfsmannsins stéttarfélagsiðgjöldum hans og greiða þau til viðkomandi stéttarfélags. Ef það er ekki gert er stéttarfélaginu heimilt að innheimta gjöldin hjá atvinnurekandanum.

## Sjúkrasjóðs- og orlofssjóðsgjöld

Atvinnurekanda ber skýr lagaskylda til að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga. Þessi skylda kemur skýrt fram í 1. mgr. 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrissréttinda nr. 55/1980, sem hljóðar svo:

*“Öllum atvinnurekendum er skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.”*

Svo sem þarna greinir ber atvinnurekendum skylda til að greiða í þessa sjóði samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina. Það fer því eftir gildandi kjarasamningi hve hátt þetta gjald er. Hvað gjald í sjúkrasjóð varðar skal gjaldið þó vera að lágmarki 1% af útborguðu kaupi, sbr. 7. gr. laga nr. 19/1979. Í kjarasamningi Starfsgreinasambandsins vegna aðildarfélaga sinna, annarra en Eflingar-stéttarfélags, Hlífar og VSFK. við Samtök atvinnulífsins segir til dæmis í grein 10.1.1. sem fjallar um greiðslur í sjúkrasjóð, að vinnuveitendur skuli greiða sem svarar 1% af útborguðu kaupi verkamanna í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags. Í grein 10.2.1. segir síðan að vinnuveitendur skuli greiða í orlofssjóð viðkomandi stéttarfélags 0,25% af útborguðu kaupi. Svo sem áður greinir ber skýr lagaskylda til að fylgja gildandi kjarasamningum og atvinnurekendum og starfsmönnum er ekki heimilt að semja sín í milli þannig að í bága fari við gildandi kjarasamning.

## Til hvaða stéttarfélags ber atvinnurekanda að greiða

Stéttarfélög eru svæðisbundin. Svo sem greinir í 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 skulu stéttarfélögin opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu eftir nánara ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagssvæði má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag. Í 5. gr. laganna segir síðan að stéttarfélögin skuli vera lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna. Af þessu leiðir að stéttarfélögin skulu vera svæðisbundin. Það hvert félagssvæði hvers stéttarfélags er ræðst af lögum og samþykktum hvers stéttarfélags og kjarasamningar eru sniðnir að því. Af þessu leiðir að starfsmaður verður að starfa eftir kjarasamningi þess stéttarfélags sem starfar á sama svæði og hann.

Í 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrissréttinda nr. 55/1980 segir í 1. mgr. að atvinnurekendur skuli greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélags. Í 2. mgr. segir að atvinnurekendur skuli halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags. Af þessu leiðir að standa ber skil á stéttarfélagsgjöldum, sjúkrasjóðsgjöldum og orlofssjóðsgjöldum til þess stéttarfélags sem starfar í sömu starfsgrein og á sama svæði og starfsmaðurinn. Ekki er heimilt að skila iðgjöldum til annarra stéttarfélaga.

### Ályktun

Í ljósi þess sem að ofan greinir má ljóst vera að atvinnurekendum ber skýr lagaskylda til að halda eftir af launum starfsmanna sinna stéttarfélagsiðgjöldum þeirra og standa viðkomandi stéttarfélagi skil á þeim. Þá ber atvinnurekendum skýr lagaskylda til að greiða til stéttarfélaganna sjúkrasjóðsgjöld og orlofssjóðsgjöld. Þessi skylda leiðir af gildandi lögum og kjarasamningum. Þessi gjöld ber atvinnurekenda að greiða til þess stéttarfélags sem starfar á félagssvæði starfsmannsins. Standi atvinnurekendur ekki stéttarfélögunum skil á þessum gjöldum eiga þau lögvarinn rétt til að innheimta þessi gjöld hjá þeim.

Undirritaðir geta svarað fyrirspurnum og veitt lögfræðilega ráðgjöf um réttindi og skyldur atvinnurekenda og starfsmanna.

Virðingarfullst,

Akureyri, 24. september 2007

Björn Órn CSM.

Birgir Órn Guðmundsson hdl.  
[birgiorn@pacta.is](mailto:birgiorn@pacta.is)



Olafur Runar Ólafsson hdl.  
[olafur@pacta.is](mailto:olafur@pacta.is)